

Pingeyjarsveit
Kjarna, 650
Laugum

Garðabær, 19. júní 2025
202506-0047/A.B.
08.02

Efni: Umsögn – Breyting á deiliskipulagi - Hverir austan Námafjalls Pingeyjarsveit.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Pingeyjarsveitar er barst 18. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hverir austan Námafjalls.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að lóð fyrir þjónustuhús færist um 70 m til norðaustur við jaðar bílastæðis áningarstaðarins. Bílastæði færast einnig og liggja nú vestan við þjónustuhús, auk þess breytist lega göngustíga.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun breytingin á deiliskipulaginu vera til bóta þar sem verið er að færa lóð fyrir þjónustuhús frá hverasvæðinu þannig að ásýnd og aðkoma verður betri. Hraunið á svæðinu er mjög sendið og töluvert gróinn lyngmói yfir því, svæðið er þegar raskað og líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir bæti alla ásýnd, verndi betur, stýri umferð og tryggi frekar öryggi fólks sem heimsækir svæðið.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðisstofnunar er innan skipulagssvæðisins hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið

útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Því er mikilvægt að vernda sjáanlegar hraunmyndanir á svæðinu og hanna svæðið með tilliti til þeirra. Auk þess er mikilvægt að fella mannvirki eins og hægt er að landslagi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Dagbjört Jónsdóttir

sérfræðingur